

Námskeið

Námskeið í ræðumennsku og framkomu verður haldið laugardaginn 26. mars frá kl. 10 til 17. í Einingar-Iðjusalnum, Skipagötu 14 2. hæð. Námskeiðið er félagsmönnum að kostnaðarlausu. Leiðbeinandi verður Kristín Ólafsdóttir.

Skráning fer fram á skrifstofu félagsins í síma 462 1635 og á fvsa@fvsa.is.

Síðasti skráningardagur er 18. mars nk.

Orlofshúsin – Fjölmargir valkostir í boði

Félagsmönnum Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni bjóðast fjölbreyttir valkostir í sumar hvað varðar sumarhús og íbúðir.

Nú verður aftur boðið upp á íbúðina í Bolungarvík sem félagsmönnum stóð til boða sumarið 2008. Einnig bústað í Grímsnesi, Nónhvamm, Flókalund í Vatnsfirði, tvær íbúðir í Reykjavík, tvö hús á Illugastöðum, Skógar-sel í Vaglaskógi, hús í Ölfuborgum og hús á Einarsstöðum á Héraði. **Athugið! Gæludýr eru stranglega bönnuð í öllum húsum félagsins því dæmi eru um að slæm ofnæmistilfelli hafi komið upp í kjölfar slíks.**

Auk orlofshúsa býður félagið 50 orlofsstyrki allt að kr. 15.000 vegna gistikostnaðar á orlofstímabilinu og 25 útilegukort. Afslætti hjá Hótel Eddu, Fosshótelum og gistiheimili í Reykjavík. Einnig geta félagsmenn keypt veiðikort á skrifstofu félagsins.

Nánar er sagt frá þeim húsum og íbúðum sem í boði eru í sumar á bls. 4, 5 og 6 í fréttabréfinu.

Rafrænar umsóknir

Nú er sótt um um orlofshús, orlofsstyrki og útilegukort á rafrænan hátt á félagavefnum sem er á www.fvsa.is, og því fylgir ekki umsóknareyðublað í þessu blaði. Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofuna.

Umsóknarfrestur um orlofshús, orlofsstyrki og útilegukort vegna sumarleigu er til 23. mars nk. Um-



Illugastaðir. Fjölmörg orlofshús verða í boði fyrir félagsmenn í sumar. Sjá nánar á bls. 4 – 6.

sækjendur fá skriflegt svar um úthlutunina fyrir mánaðamót mars/apríl.

Athugið! Engin endurúthlutun verður í ár. 8. apríl er síðasti dagur til að ganga frá greiðslu varðandi orlofshús og þann 13. apríl verður opnað á netinu fyrir það sem enn verður laust og þá gildir fyrstur kemur, fyrstur fær.

Félagavefur

Í byrjun síðasta árs fór félagavefur FVSA í loftið og er óhætt að segja að viðtökur félagsmanna hafa verið mjög góðar. Félagsmenn skrá sig inn með því að ýta á hnappinn Félagavefur sem finna má fyrir ofan efstu frétt á forsiðu heimasíðunnar www.fvsa.is. Með því hafa félagsmenn möguleika á að skoða iðgjaldasögu sína, punktastöðu og punktastöðu, greiðslusögu vegna bóta og styrkja og úthlutunarsögu vegna orlofshúsa. Jafnframt býður félagavefurinn upp á að félagsmenn geti skoðað upplýsingar um stöðu orlofshúsa, en nú er hægt að bóka orlofshús rafrænt og greiða fyrir með greiðslukorti.

Samfélagsstyrkir

Félagssjóður styrkti starf mæðrastyrksnefndar um kr. 400.000,- á árinu. Handlækninga- og bæklunardeild Sjúkrahúsins á Akureyri voru færðar tvær sérstyrktar göngugrindur að andvirði tæplega 200.000, en þær munu nýtast vel þeim sjúklingum sem fara í liðskipta- aðgerðir. Iðnaðarsafnið fékk kr. 100.000, en í fyrra var gerður samningur um árlegt framlag um þá upphæð til 5 ára. Styrktarlínur til ýmissa félagasamtaka voru rúmlega kr. 55.000 auk árlegra framlaga til Háskólans á Akureyri og Neytendasamtakanna.



Minning



Jóna Steinbergsdóttir

Jóna Steinbergsdóttir, fyrrverandi formaður Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni, lést aðfaranótt 17. ágúst sl. 78 ára að aldri. Jóna var varaformaður félagsins árin 1979-1980 og formaður 1981-1998. Á aðalfundi félagsins árið 2000 var hún kosin heiðursfélagi FVSA.



Aðalfundur Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni (FVSA) var haldinn í Alþýðuhúsinu á Akureyri mánudaginn 28. febrúar sl. og var góð mæting á fundinn. Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður félagsins, kynnti skýrslu stjórnar, laga-breytingar og breytingar á styrkjum úr sjúkrasjóði og Hermann Brynjarsson endurskoðandi fór yfir reikninga félagsins. Fundarstjóri var Ólafur Rúnar Ólafsson hdl. hjá Pacta og lögfræðingur félagsins.

Í árslok 2010 voru fullgildir félagsmenn 1.869; 737 karlar og 1.132 konur. Þar af eru 309 gjaldfrjálsir, en það eru starfandi félagsmenn 67 ára og eldri svo og lífeyrisþegar.

Þegar Úlfhildur kynnti skýrslu stjórnar kom m.a. fram að starfsemi félagsins hefði verið með hefðbundnum hætti á síðasta ári. „Eins og árið 2009 var árið í fyrra merkt atvinnuleysi, kaupmáttarrýrnun og óöryggi á öllum sviðum sem hefur bitnað á okkar félagsmönnum ekki síður en öðrum launþegum. Fyrri hluta ársins voru fleiri félagsmenn atvinnulausir en árið áður, fór í 130 í febrúar en í desember voru 82 félagsmenn okkar á atvinnuleysiskrá.“

Á árinu fékk félagið í fyrsta sinn upplýsingar um skiptingu félagsmanna milli Lífeyrissjóðs verslunarmanna og Stapa lífeyrissjóðs. „Félagatal okkar var samkeyrt við iðgjaldagreiðendur Stapa og í ljós kom að 54 % félagsmanna greiða til Stapa, en 46 % greiða til Lífeyrissjóðs verslunarmanna,“ sagði Úlfhildur.

Ein íbúð í viðbót

Úlfhildur sagði að nýting íbúða félagsins í Ljósheimum í Reykjavík væri mjög góð. „Yfir vetrarmánudina eru þær leigðar frá föstudegi til sunnudags og sólarhringsleiga virku dagana. Félagið samdi við umsjónarmann íbúðanna um að koma í þær til eftirlits eftir hverja leigu en ekki bara einu sinni í viku eins og áður. Þetta á að tryggja að leigjendur komi alltaf að íbúðunum í góðu lagi,“ sagði Úlfhildur og bætti við að á stjórnarfundum sem haldinn var fyrir aðalfundinn var samþykkt að bjóða í fjórar nýjar íbúðir í Reykjavík og selja þær þrjár sem félagið á þar. Þar með mun íbúðum félagsins fjölga um eina.

Aukin samvinna

Í máli Úlfhildar kom fram að nýlega var gengið frá samkomulagi fjögurra félaga um samstarf á þriðju hæð

Alþýðuhússins, en þessi félög hafa eignast suðurhluta hæðarinnar að undanskilinni eign Rafiðnaðarsambandsins. FVSA er eignaraðili að 46% en hin félögin með 18% hvert. „Þessi félög eru, auk okkar, Félag málmíðnaðarmanna, Sjómannafélag Eyjafjarðar og Félag vélstjóra og málmáknimanna. Við munum sjá um ýmsa þjónustu fyrir hin félögin, t.d. símaþjónu og ýmsa upplýsingagjöf. Fyrir sjómenn og málmíðnaðarmenn mun félagið einnig færa bókhald og skrá iðgjöld, en hluti af því starfi hófst á síðasta ári fyrir málmíðnaðarmenn. Það er búið að teikna breytingar á hæðinni þannig að skrifstofur verða við útveggi, en sameiginleg afgreiðsla í miðrymi sem tekur við strax við inngang af stigapalli og vonandi geta framkvæmdir hafist fljótlega.“

Staða kjaramála

Úlfhildur fjallaði um gang kjaraviðræðna og sagði m.a. að Samninganefnd ASÍ hefði hitt forystu SA á fundi hjá rikissáttasemjara 10. febrúar sl. til að freista þess að koma viðræðum í gang að nýju, en þær höfðu að mestu legið niðri í tvær vikur. Samningaviðræður hófust á ný og ákveðið að gefa landsamböndunum og félögum rými til að vinna áfram að samningum um sín mál. Sú vinna gengur vel og þann 21. febrúar var vinna sett í gang við samninga um sameiginleg mál, önnur en launin, í samræmi við kröfugerð sem sett var fram af samninganefnd ASÍ. Unnið er í sex hópum: Vaktir og yfirvinna; Jafnrétti, persónuvernd og samráð; Lífeyrismál; Aðilaskipti, kennitölufلاك og svört atvinnustarfsemi; Opinber útboð og Slys- og veikindaréttur.

Hún sagði einnig að nýjustu fréttir bendi til þess að unnið væri að því að gera 3ja ára kjarasamning og miðast viðræður við stjórnvöld við það. Samkvæmt tímaplaninu er miðað við að ljúka þessum viðræðum fyrir miðjan mars en að launabreytingar taki gildi frá 1. mars. Samningurinn mun ekki öðlast gildi fyrr en eftir 3ja mánaða aðlögunartíma, þar sem unnið verður að því að hrinda í framkvæmd ýmsum breytingum og ákvörðunum sem stjórnvöld og Alþingi þurfa að efna í tengslum við samninginn. Samkomulag er um að vegna tímabilsins mars-mái verði greidd eingreiðsla og gangi hlutirnir eftir mun samningurinn sjálfur taka gildi í júní. Náist ekki samkomulag við stjórnvöld og Alþingi breytist samningurinn í skammtímasamning fram á haustið.

Að lokum bauð Úlfhildur nýtt fólk velkomið til starfa

og þakkaði öllu því góða fólki sem starfaði fyrir félagið á síðasta ári. Starfsmönnum, stjórn og varastjórn, fulltrúaráði félagsins, trúnaðarmönnum og skoðunarmönnum reikninga. „Þá vil ég sérstaklega þakka Svavari Hannessyni sem ekki gaf kost á sér til áframhaldandi starfa í stjórn, en hann hefur setið í aðalstjórn í 4 ár sem gjaldkeri félagsins og þar áður í varastjórn í 4 ár,“ sagði Úlfhildur m.a. er hún flutti skýrslu stjórnar.

Lagabreytingar

Á aðalfundinum voru samþykktar breytingar á lögum félagsins. Þær helstu má nefna að breytingar urðu á stjórnskipulagi félagsins, í staðinn fyrir fulltrúaráð sem skipað var 17 félagsmönnum (5 stjórnarmönnum og 12 til viðbótar) er nú komið trúnaðarráð skipað 21 félagsmanni (5 stjórnarmönnum, 3 varastjórnarmönnum, 8 félagsmönnum sem trúnaðarmenn á vinnustöðum kjósa árlega úr sínum hópi og 5 félagsmönnum til viðbótar.) Nú geta einnig einrykjar á vinnumarkaði orðið félagsmenn. Lögín í heild má finna á www.fvsa.is



80 ára afmæli FVSA

Í tilefni 80 ára afmælis FVSA þann 2. nóvember sl. var skrifstofa félagsins opin frá kl. 8.30 til kl. 18.00 og boðið upp kaffi og afmælistertu. Um 100 manns komu og þáðu veitingar. Dagurinn var hinn ánægjulegasti og bærust félaginu blóm og góðar kveðjur. Fullgildir félagsmenn eru nú rúmlega 1.500 og gjaldfrjálsir um 300, en fyrir 80 árum voru skráðir félagsmenn 26.

Stjórn og fulltrúaráð

Aðeins einn listi barst við kjör í stjórn félagsins og fulltrúaráð. Einnig barst aðeins einn listi varðandi kjör í stjórn sjúkrasjóðs félagsins og því sjálfkjörið í stjórn, trúnaðarráð og stjórn sjúkrasjóðs á aðalfundi félagsins.

Ein breyting varð á stjórn félagsins þar sem Svavar Hannesson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Ný í stjórn kemur Hildur Tryggvadóttir, en hún hefur setið í varastjórn félagsins undanfarin ár. Í stjórninni eiga sæti: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður FVSA; Einar Hjartarson, Eimskip; Friðbjörg Jóhannsdóttir, Samkaupum Dalvík; Eiður Stefánsson FVSA og Hildur Tryggvadóttir, Húsasmiðj- unni.

Í varastjórn eru Árni Þorvaldsson BYKO, Anna María Elíasdóttir, Rammi hf. Ólafsfirði, og Einar Pálsson Olís. Ein breyting varð á varastjórn en Einar Pálsson kom inn í stað Hildar Tryggvadóttur.



Stjórn FVSA 2011-2012, efri röð f.v.: Friðbjörg Jóhannsdóttir, Eiður Stefánsson og Hildur Tryggvadóttir. Neðri röð f.v.: Einar Hjartarson og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir.

Skoðunarmenn reikninga félagsins voru kjörnir þeir Gylfi Pálsson, Fóðursölunni-Bústólpa og Eiður Eiðsson, Kjarnafæði. Til vara var kjörin Regína Helgadóttir Samvirkni.

Tvær breytingar á fulltrúaráði

12 aðalmenn og sex varamenn í Fulltrúaráð félagsins voru kjörnir til eins árs á fundinum. Tvær breytingar urðu á ráðinu, Aníta Ósk Stefánsdóttir kom inn sem aðal- maður og Sigrún Ingólfssdóttir kom ný inn sem varamaður í ráðið.

Fulltrúaráð

Erla Bjarnadóttir, Höldur Agnes Reykdal, BYKO
 Heiðar K. Ólafsson, Nettó Glerártorgi
 Helga Eymundsdóttir, Blikkrás
 Guðmundur Kristjánsson, Húsasmiðjan Lónsbakka
 Sigurlaug Hinriksdóttir, Strax Byggðavegi
 Erna Magnúsdóttir, BSO
 Gíslína Benediktsdóttir, Brauðgerð Kr. Jónssonar
 Guðjón Rúnar Guðjónsson, Flugfélag Íslands
 Helga Steingrimsdóttir, Úrval Hrísalundi
 Jón Grétar Rögnvaldsson, Penninn/Eymundsson
 Aníta Ósk Stefánsdóttir, Hagkaup

Varamenn í fulltrúaráð

Signý Sigurðardóttir, Nettó Glerártorgi
 Elín Anna Guðmundsdóttir, VÍS
 Baldur Ingi Karlsson, Ljósgefjafinn/Siemensbúðin
 Ari Erlingur Arason, N1
 Iðunn Ósk Óskarsdóttir, Penninn/Eymundsson
 Sigrún Ingólfssdóttir, Samkaup Siglufirði

Stjórn sjúkrasjóðs

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir
 Guðríður Þorsteinsdóttir
 Júlía Sjöfn Sigurjónsdóttir
 Álfhildur Villhjálmssdóttir
 Þórdís Bjarnadóttir

Varamenn í stjórn sjúkrasjóðs

Lilja Jóhannsdóttir
 Sigurbjörg Gunnólfsdóttir
 Kristín Þorgilsdóttir



Ljósheimar 6, Reykjavík

(Tvær íbú>ir)

Lýsing: Tvær þriggja herbergja íbúðir í Ljósheimum 6, á sjöttu og sjöundu hæð. Íbúðirnar eru vel búnar og vistlegar. Tvö svefnherbergi eru í hvorri íbúð, góð stofa, vel búð eldhús og baðherbergi með sturtu. Rúmföt fylgja. Hægt er að leigja lín hjá umsjónarmanni með viku fyrirvara í síma 822 5249. Gistipláss er fyrir sex manns í hvorri íbúð.



Skiptidagar: Íbúðirnar eru leigðar í viku í senn og skipt á miðvikudögum. Íbúðirnar eru til afhendingar kl. 16 en dvalargestir þurfa að skila íbúðunum kl. 13 á skiptidögum.



Verð kr. 18.000,-

Leigutími: Allt árið. (Sumarleiga frá 25. maí.)

Lyklar: Afhendast á skrifstofu FVSA.

Okkar álit: Sívinsælar íbúðir, enda á góðum stað á höfuðborgarsvæðinu. Verslunarmiðstöðin í Glæsibæ er rétt við húsið og stutt í Laugardalinn, Skeifuna og fleiri staði.

Skógarsel, Vaglaskógi

Lýsing: Nýtt og glæsilegt sumarhús á skemmtilegum stað á bökkum Fnjóskár og í miðjum Vaglaskógi. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi, góð stofa, eldhús með öllum búnaði, borðstofa, tvö baðherbergi og þvottaherbergi. Gistipláss er fyrir 11 manns. Rúmföt fylgja en án líns. Við húsið er stór afgirtur sólpallur, þar er m.a. heitur pottur. Umhverfis húsið er stór girtur garður og í honum eru barnaleiktæki. Öll helstu heimilistæki eru í húsinu, en til viðbótar þeim sem hefðbundin geta talist í orlofshúsum, eru þvottavél, þurrkari og uppvottavél. Á lóðinni er hægt að tengja hjólhýsi, húsbíla og fellihýsi við rafmagn.

Skiptidagar: Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er kl. 17 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast á skrifstofu FVSA.



Okkar álit: Frábært umhverfi, veðursæll og rómaður staður fyrir fjölskylduna. Hægt er að tjalda á lóðinni og því er þetta staður stórfjölskyldunnar.

Verð kr. 37.000,-

Leigutími: Allt árið. (Sumarleiga frá 27. maí.)

Illugasta>ir: Hús nr. 2 og 19

Lýsing: Tvö hús í sumarhúsabyggðinni á Illugastöðum í Fnjóskadal. Í húsunum eru tvö svefnherbergi, vel búð eldhús, stofa og baðherbergi með sturtu. Svefnrými er fyrir 6 manns í húsi nr. 2 en svefnpláss fyrir 8 manns í húsi nr. 19, sem er á tveimur hæðum. Svefnsófi er í stofu á efri hæð og gistipláss fyrir tvo á neðri hæð.

Árið 2006 var lokið við að leggja hitaveitu á svæðið og því er vatnshitakerfi í húsunum. Sólpallar voru stækkaðir og heitir pottar settir við hús.

Rúmföt fylgja, án líns, sem hægt er að leigja hjá umsjónarmanni í þjónustumiðstöð. Á svæðinu er sundlaug með heitum potti, minigolf, barnaleikvöllur og lítil verslun.

Skiptidagar: Húsin leigjast í eina viku í senn. Afhending húsa til komugesta er milli kl. 17 og 21 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið eigi síðar en kl. 15 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast hjá umsjónarmanni á Illugastöðum.



Hús nr. 19.

Okkar álit: Klassískur fjölskyldustaður eins og hann gerist bestur hér á landi. Mikið við að vera og óteljandi möguleikar á dagsferðum, gönguferðum og annarri afþreyingu.

Verð Nr. 2: kr. 18.000,-

Verð Nr. 19: kr. 20.000,-

Leigutími: Allt árið. (Sumarleiga frá 27. maí.)

Flókalundur í Vatnsfirði á Barðaströnd

Leigutímabil: 10. júní til 19. ágúst. **Verð:** Kr. 16.000,-

Lýsing: Þessi staður nýtur mikilla vinsælda á meðal félagsmanna. Í húsinu eru tvö svefnherbergi, með alls fimm til sex svefnplássum, stofa, eldhús með öllum algengustu eldhústækjum eins og hellu með ofni og örbylgjuofni. Sjónvarp er í húsinu og kolagrill. Sundlaug með heitum potti er einungis til afnota fyrir gesti sem dveljast í orlofshúsa-byggðinni.

Skiptidagar/Lyklar: Orlofshúsin eru leigð viku í senn frá föstudegi til föstudags. Leigutakar koma milli kl. 16:00 og 21:00, brottför í síðasta lagi kl. 12:00. Lyklar eru í lykaskáp sem staðsettur er við útidyr á húsi nr. 8. og skal lykllum



skilað í lykaskápinn aftur við brottför. Umsjónarmaður er Gunnar Karl Garðarsson, sími 456 2044.

Okkar álit: Skemmtileg staðsetning og rómuð veðursæld. Ýmsir möguleikar í dagsferðum, gönguferðum, fjöruferðum og þannig mætti áfram telja.

Nónhvammur í Grímsnesi

Leigutímabil: 3. júní til 19. ágúst. **Verð:** Kr. 29.000,-

Lýsing: Bústaðurinn stendur sunnan í Nónhlahvamm, sem er fallegur staður í um 45 mín. akstri frá höfuðborginni eða um 65 km frá Reykjavík og 18 km frá Selfossi. Hann var byggður 2008 og er um 77 m² að stærð. Í honum eru þrjú svefnherbergi, svefnpláss fyrir sjö fullorðna. Í eldhúsinu eru öll helstu tæki, búnaður og áhöld fyrir almenna matargerð. Fyrir utan er rúmgóð verönd með heitum potti, gasgrilli og garðhúsgögnum.

Skiptidagar: Bústaðurinn leigist í eina viku í senn. Afhending bústaðarins til komugesta er eftir kl. 16. á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma bústaðinn eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: eru í lyklaboxi og nr. á lás er í leigusamningi.

Útivist og nágrenni: Ágætar gönguleiðir eru upp á fjallið Búrfell (536 metrar á hæð) en þaðan er einstakt útsýni. Gangan tekur um 1½ - 2 klst. frá bænum Búrfelli. Ýmsar mestu náttúruperlur og merkisstaðir landsins eru á svæðinu. Sundlaug er á Borg og íþróttastaða. Verslanir



fyrir nauðsynjavöru og matsölustaðir eru Selfossi, Þræstarlundi og á Borg.

Okkar álit: Þægilegur staður í hjarta Suðurlands með mikla möguleika á dagsferðum í allar áttir.

Það sem fólk þarf sérstaklega að taka með sér er:

Lín í rúm, diskapurrkur, borðklútar og handklæði.

GPS Hnit: 64° 4,026'N, 20° 56,725'W (ISN93: 405.046, 397.460)

Bolungarvík

Leigutímabil: 3. júní til 19. ágúst. **Verð:** Kr. 21.000,-

Lýsing: Íbúð í fjölbýlishúsi á annarri hæð að Stigahlíð 4. Í íbúðinni eru 3 svefnherbergi, stofa og eldhús eru samliggjandi. Baðherbergi með sturtu. Svefnpláss er fyrir 7. Sjónvarp og dvd-tæki í stofu. Hjónaherbergi er með tvíbreiðu rúmi, herbergi með kojum fyrir fullorðna, sú neðri tvíbreið og annað herbergi með tveimur kojum. Sængur og koddar eru í íbúðinni fyrir 6, en hægt er að fá rúmföt og handklæði leigð. Þvottahús er í kjallara.

Skiptidagar: Íbúðin leigist í eina viku í senn. Afhending íbúðarinnar til komugesta er milli kl. 16 og 19 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma hana eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast hjá umsjónarmanni Guesthouse Mánafell í Holtabrún 21. Leigutaki verður að vitja lykla á auglýstum tíma. Ef það dregst er nauðsynlegt að láta umsjónarmann vita í síma 863-3879 eða arndis@vestfirdir.is



Okkar álit: Bolungarvík er ákjósanlegur staður fyrir þá sem vilja dvelja á Vestfjörðum og skoða sig um þar. Á staðnum er góð þjónusta, góð og vel útbúin sundlaug, söfn og margt að sjá bæði á Bolungarvík og í næsta nágrenni.





Einarsstaðir

Lýsing: Húsið, sem er nr. 19, skiptist niður í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Í tveimur herbergjanna er tvíbreitt rúm og kofa þar yfir, en kofur í minna herberginu. Kolagrill og garðhúsgögn eru við öll húsin. Hjá umsjónarmanni er hægt að fá leigt lín og handklæði, einnig er hægt að fá lánað barnarúm, barnastól og aukadýnur. Í húsunum er allur búnaður miðaður við átta manns. Örbylgjuofn, sjónvarp og útvarp eru í öllum húsunum.

Skiptidagar: Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er milli kl. 17 og 21 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma það eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Í lykklaboxi á bústað.

Okkar álit: Þægilegur staður í hjarta Austurlands með mikla möguleika á dagsferðum í allar áttir. Mikil afþreying er í boði á þessu svæði.

Leigutími: 17. júní - 26. ágúst. **Verð kr. 16.000,-**



Orlofsbyggðin í Ölfusborgum

Lýsing: Í sumar verður eitt hús í boði í orlofsbyggðinni í Ölfusborgum í leiguskiptum við VR. Vel búið hús á skemmtilegum stað, með tveimur svefnherbergjum og á staðnum er gistingualeiki fyrir sex til átta manns.

Rúmföt fylgja, án lins, en hægt er að leigja rúmföt á staðnum. Eldhús með öllum búnaði, góð stofa og baðherbergi með sturtu. Heitur pottur er við húsið og leiktæki eru fyrir börn á útsvæði. Stutt er í Hveragerði, þar eru verslanir, ýmis þjónusta og afþreying.

Skiptidagar: Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending til komugesta er milli kl. 15 og 20.30 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma húsið kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast hjá umsjónarmanni í Ölfusborgum, í þjónustuhúsi þegar komið er inn á svæðið.

Okkar álit: Góður orlofskostur í grónu sumarhúsaahverfi. Margir möguleikar á ferðum um Suður- og Suðvesturland.

Leigutími: 24. júní - 26. ágúst. **Verð kr. 18.000,-**

Ekki bara hús í boði!

Undanfarin ár hefur FVSA boðið upp á orlofsstyrki og hefur þeim verið mjög vel tekið af félagsmönnum. Sumarið 2011 verður félagsmönnum boðið upp á 50 orlofsstyrki að upphæð allt að kr. 15.000. Styrkirnir eru veittir vegna gistingukostnaðar á tímabilinu 1. maí til 15. september 2011.

Í ár er boðið upp á þá nýjung að hægt verður að sækja um útilegukortið. 25 kort verða í boði og þarf að sækja um það eins og orlofshús og styrki, fyrir 23. mars nk. Nánar má lesa um útilegukortið á www.utilegukortid.is

Umsóknarfrestur um orlofshús, orlofsstyrki og útilegukort vegna sumarleigu er til 23. mars 2011. Sótt er um á félagavefnum. Sækja má um orlofshús, orlofsstyrki og útilegukort en aðeins er hægt að fá einu af því úthlutað. Umsækjendur fá skriflegt svar um úthlutunina fyrir mánaðamót mars/apríl.

Í öllum íbúðum og sumarhúsum félagsins er boðið upp á sjónvarp og útvarp. Þá er samanbrjótanlegt ungbarnarúm á öllum stöðum, sem og ungbarnastólar.

Félagið mun selja, eins og sl. sumar, niðurgreidda gisti-



miða á Edduhótelin víðs vegar um landið. Nánari upplýsingar um staðsetningar hótela má finna á www.hoteleda.is. FVSA er einnig með samning um 25% afslátt af listaverði á 10 Foss-hótelum um land allt og

10% afsláttur á gistiheimili í Reykjavík.

Sjá nánar á www.fosshotel.is

FOSSHÓTEL

Félagið selur miða í Hvalfjarðargöng á kr. 580. Ath! hægt er að greiða með greiðslukorti. Ákveðið var að bjóða félagsmönnum aftur til sölu veiðikortið, en það gildir á 35 vatnasvæði. Kortið er til sölu á skrifstofunni á Akureyri og kostar kr. 4.800. Nánari upplýsingar um kortið má finna á www.veidikortid.is

Vetrarleiga:

Útleigu verður þannig háttáð að opnað verður fyrir vetrarleigu 2. ágúst 2011 á félagavef FVSA fyrir leigutímabilið 26. ágúst 2011 til 30. maí 2012.



Dagsferð FVSA

Fyrirhuguð er dagsferð FVSA laugardaginn 13. ágúst 2011. Um er að ræða fjallaferð þar sem farið verður um Mývatnsöræfi, Herðubreiðalindir og fleiri staði. Komið verður m.a. við í Fjallakaffi.

Nánar auglýst síðar.

Sjúkrasjóður FSVA

Á árinu 2010 voru greiddir út 1.438 styrkir úr sjúkrasjóði félagsins að upphæð um kr. 44 milljónir króna, sem er fimm milljónum hærri upphæð en árið áður. Undanfarin ár hefur um helmingur greiðslna úr sjúkrasjóði verið í formi dagpeninga. Í fyrra voru þeir um 19 milljónir en voru tæpar 16 milljónir árið áður. Alls fengu 47 félagsmenn greidda sjúkradagpeninga miðað við 39 árið áður. Um 10,4 milljónir eru vegna sjúkraþjálfunar og sjúkrannudds, 6,3 milljónir vegna heilsuræktar, tæplega 2 milljónir fóru í gleraugnastyrki og lasík-augnaðgerðir og 2,2 milljónir í dánarbætur. Um 700 þúsund voru greiddar út vegna krabbameinsleitar og HL-stöðvar.

Þó styrkir séu eyrnamerkir vegna þeirra atriða sem hér koma fram, þá geta félagsmenn sótt um styrki vegna annarra atriða, stjórn sjúkrasjóðs tekur þær umsóknir þá sérstaklega fyrir og athugar hvort viðkomandi hafi ekki nýtt sér þá styrki sem í boði eru.

Dagpeningar

- Sjúkradagpeningar vegna veikinda félagsmanns: Greidd 80 % launa í 6 mánuði
- Sjúkradagpeningar vegna veikinda maka: greidd 80% launa í 3 mánuði
- Sjúkradagpeningar veikinda barna: Greidd 80% launa í 3 mánuði

Styrkir

Styrkir eru greiddir einu sinni í mánuði (fyrsta virkan dag hvers mánaðar).

Reikningar þurfa að berast fyrir mánaðamót (frumrit).

- Sjúkraþjálfun: Greiðist 75% af reikningi
- Krabbameinsleit: Greiðist að fullu upphæð Leitarstöðvar
- Líkamsrækt: 50% af reikningi, hámark kr. 25.000
- Sálfræðipjónusta: 35%, hámark kr. 20.000
- Nudd utan TR: 35%, hámark kr. 20.000
- Gleraugnagler: 35%, hámark kr. 15.000 á 3ja ára fresti
- Vímuefnamedferð: Sjúkradagpeningar meðan á meðferð stendur
- HL-endurhæfing: Fellur nú undir líkamsrækt
- Gígtarleikfimi: Fellur nú undir líkamsrækt
- Glasa-/tækniþjógvun: 50% af meðferðarkostnaði, hámark kr. 50.000 á 3ja ára fresti
- Dánarbætur: kr. 300.000
- Dánarbætur: kr. 150.000 v/lífeyrisþega
- Lasík augnaðgerðir: 35% af upphæð reiknings, hámark kr. 50.000 á 3ja ára fresti

Hámarksgreiðsla styrkja til hvers félagsmanns er kr. 50.000.- á ári óháð inngreiðslu hans til félagsins.

Hvernig fannst þér kjarabingið?



Jóhanna Sigmarsdóttir, Penninn

Mér fannst þetta bara mjög fint. Það var mjög gaman að fá að taka þátt og vera partur af þessu kjarabingi. Þjóðfundarskipulagið gekk vel og mér fannst hópurinn minn vera mjög öflugur. Í niðurstöðum sem komu frá honum fannst mér við ná mörgu mikilvægu fram sem vonandi mun skila sér alla leið inn í okkar kjarasamninga.



Óskar Jónsson, Bónus

Kjarabingið var bara fint. Þetta var í fyrsta sinn sem ég mæti á svona atburð og mér fannst skipulag þingsins gott og niðurstaðan fin. Ég vona að það sem kom út úr þinginu skili sér alla leið.



Pálmi Helgi Björnsson, Höldur bílasala

Þingið var mjög vel heppnað og ég er mjög ánægður með þetta framtak. Með þessari aðferð geta margir komið sínum sköðunum á framfæri. Hvað áherslur varðar þá fannst mér standa upp úr það sem rætt var um lífeyrissjóðina, að þörf sé á að jafna lífeyrisréttindi á milli okkar og þeirra sem vinna hjá hinu opinbera. Þó ég sé mjög ánægður með þingið þá tel ég að við þurfum að breyta áherslum þeim sem unnið er eftir í hreyfingunni. Ég hef oft sagt að við þurfum ekki hærri laun, hreyfingin þarf að vinna í því að fólk geti lifað á þeim launum sem það fær. Það skiptir engu máli þó samningar séu lausir og endalast þjarkað um einhverjar kauphækkningar. Það liggur við að það megi segja að hækkingin hverfi áður en skrifað er undir. Við þurfum að breyta vinnubrögðunum, taka höndum saman við atvinnurekendur og þá jafnvel gegn hinu opinbera. Það hlýtur að vera jafnmikill hagur fyrir fyrirtækin að hafa starfsfólk eins og er fyrir starfsfólkið að hafa fyrirtæki. Fyrirtæki eru ekkert án fólksins sem vinnur í þeim.

Góð mæting á kjarabing

Þar sem kjarasamningar voru lausir í lok nóvember sl. stóð FVSA og LÍV fyrir kjarabingi á Hótel KEA fimmtudagskvöldið 9. september sl. og fór það fram með þjóðfundaraðferðinni. Um 60 félagsmenn tóku þátt í þinginu, en þingfulltrúum var skipt upp í sex hópa sem ræddu um þrjá málaflokka; Kjarasamningurinn – hvaða breytingar eru nauðsynlegar, Launamálin – hvað viljum við? og Aðkoma ríkisins að samningum. Í hverjum hópi var hópstjóri og ritari frá félaginu og urðu miklar og góðar umræður í hópnum. Í byrjun fundarins fór Ólafur Darri Andrason, deildarstjóri Hagdeildar ASÍ, yfir stöðu efnahagsmála. Kristinn Örn Jóhannesson, formaður VR, kom á þingið sem fulltrúi LÍV.

Niðurstöður kjarabingsins þurfa ekki að koma neinum á óvart, fyrst og fremst var lögð áhersla á launahækkun og aukinn kaupmátt. Þá var lögð mikil áhersla á jöfnun lífeyrisréttinda landsmanna. Stjórn og fulltrúaráð sem jafnframt er samninganefnd félagsins samþykkti að fela LÍV samningsumboð og voru niðurstöður kjarabingsins framlag félagsins til LÍV.

Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?



„Fljót að koma heim aftur“

Sigrún Ingólfssdóttir starfar sem trúnaðarmaður félagsins í Samkaup á Siglufirði og var kosin sem varamaður í fulltrúaráðið á síðasta aðalfundi FVSA. Tíðindamaður blaðsins leit við hjá Sigrúnu þar sem hún var við afgreiðslu í Samkaup og fékk hana í smá spjall.

Sigrún segir að upphaflega komi hún frá Reykjavík en síðustu 36 árin hefur hún búið á Siglufirði. „Hingað kom ég þegar ég var tvítug til að vinna í þrjú mánuði um sumarið, en er hér enn. Ég reyndi að fara aftur suður, en var fljót að koma heim aftur. Það er bara svo gott að vera hérna,“ segir Sigrún.

Undanfarin tvö ár hefur Sigrún starfað sem trúnaðarmaður og segir að engin stórmál hafi komið upp á þeim tíma. „Við erum líka frekar fá hér á vinnustaðnum, um tíu í það heila, og erum bara eins og ein stór fjölskylda. Auðvitað koma alltaf upp einhverjar spurningar sem ég reyni bara að svara eftir bestu getu. Nú ef mín svör duga ekki þá vísa ég fólki á skrifstofuna eða hef samband þangað sjálf.“

Sigrún er búin að fara á trúnaðarmannanámsskeið 1. og 2. þrep og átti að fara á 3. og 4. þrep en vegna mann-



Sigrún Ingólfssdóttir, við afgreiðslu í Samkaup.

eklu þá komst hún ekki. „Það býður bara betri tíma. Ég var reyndar búin í gamla daga að fara á tvö eða þrjú trúnaðarmannanámsskeið. Það er svo langt síðan að það var bara einn dagur hvert námskeið. Mér hefur fundist mjög gaman að starfa innan verkalýðshreyfingarinnar, þannig að mér fannst lítið mál að gefa kost á mér sem varamaður í fulltrúaráðið þegar til mín var leitað.“

Aðspurð um hvað skiptir mestu máli í starfi trúnaðarmannsins segir Sigrún að auðvitað verða menn að vera vel að sér til að geta svarað þeim sem til þín leita. „Mér finnst nauðsynlegt að vera vinur samstarfsfélaganna og það þarf líka að gæta fyllsta trúnaðar á báða vegu, bæði gagnvart starfsfólkinu og yfirmönnum. Það getur oft verið vandasamt, sérstaklega á svona litlum stað þar sem við erum bara eins og fjölskylda. Það er alltaf einn í fjölskyldunni sem sér um að sætta aðila.“

- Hvað finnst þér um Héðinsfjarðargöngin?

„Það skemmtilega við þetta er að ég var ekki hlynnt þeim í upphafi, en hef algjörlega snúist því ég er mjög hlynnt göngunum í dag. Ég er búin að fara oft til Ólafsfjarðar síðustu þrjú mánuði heldur en ég gerði þau 36 ár sem ég er búin að búa á Siglufirði. Ég tel líka að göngin hafi fært heimamönnum meiri bjartsýni en áður og þá er ég ekki að segja að við höfum verið svartsýn því það höfum við aldrei verið. Þetta er svona frelsis-tilfinning, það var oft lokað í þennan enda (og bendir á Strákagöng) og þá komst maður ekki neitt, en nú er öldin önnur. Það var líka frekar myndi þegar Öxnaldalsheiðin varð ófær um daginn og ferðamönnum var beint í gegnum Siglufjörð til að komast til Reykjavíkur. Þá hló ég,“ segir Sigrún að lokum.



Mynd: Ásgrímur Ágústsson.

Fjör í sumarferð

Þann 16. júní í fyrra fóru um 50 félagsmenn í siglingu með Húna II í frábæru veðri. Ferðin hófst á því að ekið var til Grenivíkur en þaðan var siglt með Húna til Húsavíkur. Leiðsögumaður var með í för sem för yfir sögu byggðar út með firðinum. Siglt var meðfram Látraströnd og Gjögri, stoppað í Þorgeirfirði, Hvalvatnsfirði og í Flatey. Á Skjálfanda var leitað að hvöllum og að sjálfsögðu létu þeir sjá sig. Á Húsavík var komið við á Gamla Bauk og borðuð íslensk kjötsúpa og brauð. Frá Húsavík var svo ekið með hópinn í rútu aftur heim til Akureyrar.

Leikhúsferð

FVSA hefur ákveðið að bjóða lífeyrisþegum félagsins í leikhús laugardaginn 19. mars kl. 15.00. Farið verður í Freyvangisleikhúsið í Eyjafjarðarsveit þar sem verið er að sýna Góða Dátan Svejk. Stór hópur leikara og annarra koma að uppsetningunni eða um 50 manns. Leikstjóri er Þór Tulinus.

Vinsamlega skráið ykkur sem fyrst, í síðasta lagi 11. mars. Nánari upplýsingar á skrifstofu.